

ÞÍH tíðindi

Janúar 2022

Umbrot og hönnun: Arna Þórdís Árnadóttir verkefnastjóri ÞÍH

Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) hefur það hlutverk að leiða faglega þróun innan heilsugæslu á landsvísu.


FRÆÐSLUDAGUR UM BÓLUSETNINGAR BARNA

Fræðsludagur um bólusetningar barna á vegum Sóttvarnarlæknis, ÞÍH og HH var haldinn í gegnum Teams þann 10. nóvember síðastliðinn.

Fræðsludagurinn var mjög vel sóttur, dagskráin fjölbreytt og umræður góðar.

Fjallað var um bólusetningar barna frá fjölbreyttu sjónarhorni. Rætt var um stöðu bólusetninga á Íslandi, mRNA og önnur bóluefni, rötaveirusjúkdóma á Íslandi og algengum spurningum sem koma til sóttvarnarlæknis var svarað.

Þetta var í fjórða sinn sem fræðsludagur um bólusetningar barna var haldinn og í fyrsta sinn sem fræðslunni var streymt um land allt.



HEIMASÍÐA ÞÍH

Við hjá ÞÍH þökkum kærlega fyrir góðar viðtökur á heimasíðu okkar en hana er hægt að heimsækja hvoru tveggja á www.throunarmidstod.is og www.bih.is

Við höfum fengið margar góðar ábendingar til úrbóta og vonum að þær haldi áfram að berast.

Ef að það er eitthvað sem fagfólki finnst vanta á heimasíðuna eða þurfa að betrubæta þá vinsamlegast hafið samband í

throunarmidstod@heilsugaeslan.is



Brynjar Bjarkason verkefnastjóri og Guðlaug Friðgeirsdóttir sálfræðingur



NYÍR STARFSMENN

Brynjar Bjarkason, verkefnastjóri við greiningar og mælingar hóf störf hjá ÞÍH í byrjun mars. Hann hefur verið kærkomin viðbót við starfsmanna-hópinn.

Í október hóf síðan störf Guðlaug Friðgeirsdóttir sem hefur verið ráðin í stóra geðheilbrigðisverkefnið, *Heilsu-efling í heimabyggð*, sem hefur fengið viðbótarfjármagn. En hún er ráðin til eins árs.

Til viðbótar fengu Guðríður Haraldsdóttir og Sóley J. Einarsdóttir áframhaldandi ráðningu fyrir þetta stóra geðheilbrigðisverkefni en fjallað var ítarlega um það í [síðasta tölublaði](#).

VIÐTÖL EFTIR FÆÐINGU

Í október síðastliðnum hélt ÞÍH í samvinnu við Kvinnadeild LSH námskeið fyrir ljósmæður til að undirbúa þær fyrir að taka viðtöl við foreldra um fæðingar-upplifun.

Um skipulag sáu Ástþóra Kristinsdóttir ÞÍH og Valgerður Lísa Sigurðardóttir LSH um.

Ljósmæður í mæðravernd, heimaþjónustu ljósmæðra og hjúkrunarfræðingar í ung- og smábarnavernd kynna þennan möguleika fyrir foreldrum.

Þeir panta síðan sjálfir, ef þeir hafa áhuga, viðtal hjá ljósmóður eftir 6 vikur frá fæðingu og eftir því sem hentar hverju pari.

Boðið verður upp á 40 mínútna viðtal og metið hvort og mögulega hvert þarf að beina þeim áfram.

Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum. Fyrirlestrar voru teknir upp og eru aðgengilegir fyrir fagfólk á læstri síðu ÞÍH. Notandanafn og lykilorð fæst með því að senda fyrirspurn til throunarmidstod@heilsugaeslan.is

Nánari upplýsingar um þetta námskeið veitir [Ástþóra Kristinsdóttir](#)



NORRÆN BRJÓSTA- GJAFARÁÐSTEFNA

Norræn brjóstgjafaráðstefna var haldin á Íslandi 23.-24. september síðastliðinn sem bar heitið *Brjóstgjöf í núinu* eða Mindful breastfeeding.

Þetta er í annað sinn sem ráðstefnan er haldin á Íslandi, en hún var síðast haldin hér á landi árið 2011.

Sviðsstjóri ung- og smábarnaverndar ÞÍH tók þátt í undirbúningi ráðstefnunnar sem var samstarfsverkefni Félags brjóstgjafaráðgjafa á Íslandi, Háskóla Íslands, Landspítalans og ung- og smábarnaverndar ÞÍH.

Ráðstefnan var mjög vel sótt af heilbrigðisstarfsfólki frá öllum Norðurlöndunum.

SÉRNÁM Í HEILSUGÆSLUHJÚKRUN

Föstudaginn 27. ágúst 2021 var haldið kaffiboð á ÞÍH í tilefni af útskrift 13 sérnámshjúkrunarfræðinga frá öllum heilbrigðisstofnunum landsins.

Þar voru þeir kvaddir af sínum lærimeistara og kennslustjóra sérnámsins á ÞÍH með rós og óskum um velfarnað í starfi.

Þetta var sjötti árgangur sérnámsins sem hófst haustið 2015 og hafa nú 52 hjúkrunarfræðingar útskrifast sem heilsgæsluhjúkrunarfræðingar.

Sérnám í heilsgæsluhjúkrun er 60 eininga viðbótardiplómanám á meistara-stigi.

Kennslulotur fara fram hjá HA og ÞÍH og starfa sérnámshjúkrunarfræðingar undir handleiðslu lærimeistara samkvæmt nákvæmu skipulagi klínískra námskeiða.

Sérnámsstöður veitast til eins árs í 80% starfshlutfalli. Árið 2021-22 eru átta sérnámshjúkrunarfræðingar í sérnáminu og starfa þeir hjá HH, HSS, HSU og HSN.



Útskrifaðir sérnámshjúkrunarfræðingar ásamt lærimeisturum sínum og kennslustjóra.

BREYTINGAR Á LEIÐBEININGUM UM D-VÍTAMÍNVIÐBÓT UNGBARNA

Breytingar hafa orðið á D-vítamín magni í ungbarnablöndum og hafa leiðbeiningar um D-vítamínviðbót til foreldra ungbarna sem nærast [einguöngu](#) á ungbarnablöndu því verið endurskoðaðar.

Nýjar leiðbeiningar voru gefnar út 1. júní 2021 þar sem D-vítamín í ungbarnablöndum er nú meira en áður hefur verið.

Fyrir börn sem fá minna en 800ml af ungbarnablöndu á dag er ráðleggingin óbreytt, það er 10µg af D-vítamíni á dag með D-vítamíndropum.

Ráðleggingarnar voru unnar af fagfólki á vegum embættis landlæknis og ÞÍH í maí 2021 og eru vistaðar hjá [Leiðbeiningum um ung- og smábarnavernd](#).

MÁLPROSKI BARNA

Fræðslufundur um málproska barna var haldinn á Teams 28. október 2021 fyrir starfsfólk ung- og smábarnaverndar.

Fræðslan bar heitið Málproski barna, undirstaða undir lífið og var fjallað um íslensk og fjöltýngd börn.

Talmeinafræðingur á Heymar- og talmeinastöð Íslands (HTÍ) fræddu þátttakendur um þætti málproska og viðvörunarþjöllur sem kalla á frekari stuðning við fjölskyldur.

Farið var yfir tilvísanir til HTÍ og rætt um árangur samstarfs við ung- og smábarnavernd síðastliðna mánuði í tengslum við nýtt vinnulag í 18 mánaða skoðun.

Brúarsmiðir Miðju máls og læsis héldu einnig erindi um hinn fjölbreytta hóp foreldra með erlendan bakgrunn og mikilvægi þess að fylgjast vel með framförum barna þeirra.

HEILSUEFLANDI MÓTTÖKUR



Frá vinnufundi 6. október

Hafin er formleg vinna við að straumlínulaga verklag í heilsgæslu á landsvísu fyrir fólk með langvinnan/fjölpættan heilsuvanda og eldra fólk.

Þann 6. október var haldinn vinnufundur með yfir 100 hjúkrunarfræðingum allstaðar að á landinu og fyrirhugaðir eru samskonar fundir með öðrum heilbrigðisstéttum sem starfa í heilsgæslunni.

Á þessum vinnufundum er meðal annars safnað saman upplýsingum um það sem hefur virkað vel í þjónustu við markhópanna.

Samþykki stjórnenda heilbrigðisstofnana sem sinna grunnheilbrigðis-þjónustu um þátttöku liggur fyrir. Auk þess sem gott samtal er komið á við Landspítala/Landakoti

Fjöldinn allur af hjúkrunarfræðingum í heilsgæslunni hafa setið HÖR (heilsgæslu öldrunarráðgjafar), námskeið sem Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarfræðingur/prófessor á Landkoti leiðir.

Myndaðir hafa verið þverfaglegir vinnuhópar og kallaðir verða inn sérfróðir aðilar í þá vinnu.

Búinn hefur verið til hópur á Teams, þar sem haldið er utan um öll skjöl, afurðir og fleira sem tengist vinnunni. Þeir sem eru með tillögur eða hugmyndir og vilja deila inn í þessa vinnu eru beðnir um að setja sig í samband við

jorlaug.heimisdottir@heilsugaeslan.is

STRAMA ÍSLAND—FASI 2

Í maí síðastliðnum funduðu Strama-læknar ásamt fulltrúum Sóttvarnarlæknis og Sýklafræðideild LSH sem hafa frá upphafi verið samstarfsaðilar heilsugæslunnar og ÞÍH í verkefninu.

Gestur fundarins var Michael Clausen barnalæknir sem fjallaði um sýklalyf og garnaflóruna.

Árlegir fundir Stramalækna með heilsugæslustöðvum á sínum svæðum verða nú á haustmánuðum.

NEYSLU- OG FÍKNIVANDI



Valgerður Rúnarsdóttir læknir hjá SÁÁ

Fræðsluefni í formi fyrirlestra varðandi neyslu og fíknivanda eru nú á heimasíðunni þih.is/fraedsla sem við hvetjum starfsmenn heilsugæslunnar til að nýta sér. Fyrirlesarar eru Valgerður Rúnarsdóttir læknir hjá SÁÁ, Ingunn Hansdóttir sálfræðingur hjá SÁÁ og Rafn Magnús Jónsson frá embætti landlæknis.

Notendanafn og lykilorð inn á þessa læstu síðu má nálgast hjá throunarmidstod@heilsugaeslan.is.

GREINAR

Á undanföllum mánuðum hafa starfsmenn ÞÍH og nemar þeirra birt greinar í ritryndum tímaritum.

María Gunnlaugsdóttir lyfjafræðingur var fyrsti höfundur greinar um [sýklalyfjaávisanir til barna í heilsugæslu á árunum 2016-2018](#).

Sigríður Óladóttir læknanemi var fyrsti höfundur greinar um [þróun lyfjaávisana á óþjófalyf í heilsugæslu á tímabilinu 2008-2017](#).

Yrsa Ívarsdóttir var fyrsti höfundur greinar um [þætti sem hafa áhrif á ákvörðun lækna um lyfjameðferð](#), rannsókn sem var gerð meðal lækna í heilsugæslu á Íslandi.

FRÆÐSLA UM GEDHEILSU ELDRA FÓLKS

Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu hefur að undanförunu unnið að fræðslu um geðheilsu eldra fólks. Fræðslan er á rafrænu formi sem verður aðgengileg á netinu og er ætluð starfsfólki hjúkrunarheimila, félagsþjónustu og heilbrigðisstofnana um allt land.

Fræðslan er hluti geðheilbrigðisverkefnisins *Heilsuefning í heimabyggð* sem Heilbrigðisráðuneytið veitti fjárheimild til árið 2020 og hefur núna verið endurnýjuð. Fyrstu fyrirlestrarnir verða tilbúnir í byrjun nýs árs og verkinu öllu lýkur næsta haust.

Fræðsluröðin spannar 10 fyrirlestra sem taka fyrir þunglyndi, kvíða, svefnvanda, langvinna verki, neyslu, ofbeldi gagnvart eldra fólki og stuðning við aðstandendur og starfsfólk. Fyrirlestrarnir eru byggðir á klíniskum leiðbeiningum, efni frá stofnunum og sérfræðingum á sviðinu.

Við vonumst að sjálfsögðu til þess að stofnanir nýti sér tækifærið enda skiptir fræðsla máli fyrir alla aðila: Stofnunina, sem setur faglegt sjónarmið ofar öðru. Starfsfólkið, sem eflist í starfi og síðast en ekki síst skjólstaðinginn, sem fær þjónustu og meðferð sem byggir á gagnreyndri þekkingu

HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA OG RÉTTINDI FYRIR HÆLISLEITENDUR OG FLÓTTAMENN

Námskeið - fyrirlestrar til fróðleiks og gagns fyrir heilbrigðisstarfsmenn.

Fyrirlesarar eru Ástþóra Kristinsdóttir sérfræðiljósmeðir ÞÍH og aðjúnkt við HÍ og Ingibjörg Guðmundsdóttir RN, PPH göngudeild sóttvarna. Fyrir stuttu fóru Ástþóra og Ingibjörg og fluttu þessi erindi fyrir starfsfólk HSS.

Fyrirlesarar eru tilbúnir að koma á stofnanir og flytja þessa fyrirlestra. Hægt er að nálgast glærurnar af fyrirlestrinum þá á læstri síðu ÞÍH en biðja þarf um notendanafn og lykilorð með því að senda póst á:

throunarmidstod@heilsugaeslan.is

MÁNAÐARLEG FRÆÐSLA

ÞÍH mun taka upp fræðsluerindi sem eru hugsuð fyrir heilsugæslustöðvar til að nýta á fræðslufundum stöðvanna.

Nú þegar eru á þih.is/fraedsla erindi Valgerðar Rúnarsdóttur læknis og Ingunnar Hansdóttur sálfræðings um fíkn og Hannesar Hrafnkelssonar læknis um hreyfingu og heilsu.

Ráðgert er að taka upp fleiri erindi á vorönn og vonast ÞÍH til að þau nýtist vel og mælist vel fyrir.

Við hvetjum heilsugæslustöðvar til að notfæra sér þetta efni og erum þakklát fyrir ábendingar um efni fyrir næstu fundi.

EINHVERFA VINNULAG Í 18 MÁNAÐA SKOÐUN

Nýtt vinnulag var tekið í notkun á árinu þegar áhyggjur vakna af einhverfu í 18 mánaða skoðun í ung- og smábarnavernd.

Það var unnið í samstarfi við Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) og Þroska- og hegðunarstöð.

Einnig var haft samráð við talmeinafræðinga á HTÍ.

Vinnulagið hefur almennt gengið vel og tilvísanir til GRR úr 18 mánaða skoðun verið góðar.

Það var innleitt með námskeiðum í byrjun árs og var tilraunaverkefni til október 2021. Nú hefur verið ákveðið að halda áfram með þetta þróunarverkefni til vors 2022 og taka þá aftur stöðuna.

Heilsugæslan getur því áfram vísað börnum á GRR eftir 18 mánaða skoðun samkvæmt vinnuleiðbeiningum.

JÁKVÆÐ HEILSA

Hugtakið jákvæð heilsa er "Heilsa sem hæfnin til að aðlagð sig og nýta sjálfstjórn til að horfast í augu við félagslegar, líkamlegar og andlegar áskoranir".

Námskeið í Jákvæðri Heilsu og notkun s.k. Heilsuhjóls voru haldin hérlendis í samvinnu við „Institute of Positive Health“ (IPH) Hollandi í lok árs 2019 og upphafi árs 2020. Samtalið hélt áfram þrátt fyrir hökt í heimsfaraldri og núna er í gangi námskeið fyrir íslenska handleiðara sem haldið er í samvinnu við IPH og HSA.

Á vormánuðum 2022 eru áform um að íslenskir handleiðarar geti boðið námskeið í notkun Heilsuhjólsins fyrir m.a. hjúkrunarfræðinga og heimilislækna.

Jákvæð Heilsa og Heilsuhjólíð leggur áherslu á samtalið við sjúklinginn til sjálfshjálpar og meiri virkni og byggir á hugmyndum um Salutogenesis. Sú hugmyndafræði er þekkt innan heilsugæslunnar en Heilsuhjólíð er nýtt tæki til að valdefla sjúklinga og getur m.a. nýst í heilsuefli mótökum og viðtölum lækna.

Einnig er möguleiki að nota Heilsuhjólíð víðar til dæmis í geðteymum, endurhæfingu, skólum og á vinnustöðum.



Hér er einn af námskeiðshópnum 2019-20 með Machteld Huber lækni og upphafskonu Jakvæðrar heilsu hér lengst til vinstri.

SVEFNNAMSKEIÐ

Mikil eftirspurn hefur verið eftir meðferð við svefnröskunum á heilsugæslustöðvum. Íslendingar neyta svefnlyfja mest allra Norðurlandabúa og 2018 fengu 34 þúsund Íslendingar ávísað svefnlyfjum á 12 mánaða tímabili.

Þar af um hundrað einstaklingar sem fengu ávísað sem samsvarar fjórföldum skammti eða meira hvern dag samkvæmt upplýsingum frá Embætti Landlæknis.

ÞÍH hefur núna þýtt svefnnámskeið sem sálfræðingar á heilsugæslustöðvum um allt land geta keyrt fyrir skjólstæðinga sína.

Námskeiðið kallast á frummálinu „Sov godt“ og er afrakstur samstarfs norska heilbrigðisráðuneytisins, Nasjonal kompetansesenter for sovnsykdommer, Folkehelseinstituttet og Norsk forening for kognitiv terapi.

Námskeiðið byggist á hugmyndafræði hugrænnar atferlismeðferðar og er farið yfir fræðslu um svefn og svefnraskanir, svefnvenjur, áreitastjórn, svefnskerðingu og viðhorf til svefns.

Þetta er fjögurra skipta hópmeðferð auk eftirfylgdartíma sem er valfrjál og þátttakendur vinna heimaverkefni á milli tíma.

FRÓÐLEIKSMOLAR

Mæðraverndarsvið ÞÍH hefur verið að vinna að endurskoðun fróðleiksmola undanfarið. Markmiðið er að hafa molana ekki eldri en tveggja ára.

Sumir molar krefjast stöðugar endurskoðunar, má þar nefna meðal annars Covid-19 og meðgöngu og brjóstgjöf. Við bendum sérstaklega á eftirfarandi mola sem hafa tekið nokkrum breytingum: Blóðhagur og blóðleysi, GBS, leghálsstrok, þvafærasýking á meðgöngu, þunglyndi- SSRI lyf á meðgöngu og vítamín.

Endurskoðun á leiðbeiningum fyrir tvíburameðgöngu er í vinnslu. Einnig er fyrirhuguð vinna að fróðleiksmolum um ytri vendingu, thalassemiu, bólgusjúkdóma í meltingarvegi, lifrabólgu og fyrrisæta fylgu.

Fróðleiksmolana má finna á: bih.is/frodleiksmolar:

FRÆDSLUMYND BÖND UM SAMTALSADFERÐIR OG GRUNNADFERÐIR HAM



Nú eru aðgengileg 8 stutt fræðslumyndbönd á vef ÞÍH. Myndböndin eru 6-20 mínútur á lengd hver.

Myndböndin eru hluti af verkefninu *Heilsuefling í heimabyggð* sem er stórt verkefni frá Heilbrigðisráðuneytinu sem ætlað er að stuðli að geðheilbrigði íbúa landsins. ÞÍH var þar falið að meðal annars útbúa fræðsluefni fyrir starfsfólk hjúkrunarheimila, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu.

Aðferðirnar sem kenndar eru í myndböndunum geta bætt samvinnu og veitt notendum þjónustunnar meira öryggi og skilning á vanda sínum.

Einnig geta þær auðveldað okkur að fá fram góðar upplýsingar um geðrænan vanda og áhrif hans á lífsgæði skjólstæðinga okkar.

Farið er yfir lykilatriði í uppbyggingu viðtals, samtalsaðferðir, kynningu á áhugahvetjandi samtal og fjallað um meðferðarsambandið. Síðan er fjallað um grunnhugtök hugrænnar atferlismeðferðar og hvernig hægt er að nota verkfæri úr hugrænni atferlismeðferð í samtölum og viðtölum til þess að styðja við fólk með eðlileg og væg einkenni depurðar og kvíða.

Notandanafn og lykilorð á læstu síðuna má nálgast á

throunarmidstod@heilsugaeslan.is



FJÖLSKYLDUTEYMI

Í nóvember síðastliðnum var efnt til rafræns kynningarfundar fyrir stjórnendur í heilsugæslu á landsbyggðinni um fjölskylduteymi.

Kristín Grímsdóttir verkefnastjóri fjölskylduteyma og sérfræðingur í barna- og unglíngageðhjúkrun kynnti fyrirkomulag fjölskylduteymanna.

Þau byggja á samstarfi heilsugæslu velferðar- og skólaþjónustu sveitarfélaga, barnaverndar og BUGL.

Teymin þjónusta börn með tilfinningavanda, félagslegan vanda, þroskafrávik og/eða hegðunarefðleika og er þeim ætlað að vinna með fjölskyldum að úrlausn vanda hjá börnum.

Teymi sem þessi eru starfandi á nánast öllum heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu og á nokkrum stöðum á landsbyggðinni og hafa gefist vel.

Fjölskylduteymin hafa verið í þróun innan heilsugæslunnar undanfarinn áratug og ríma vel við ný lög um samþættingu þjónustu og samstarf milli kerfa.

Skilgreining á hlutverki og [verklag um teymi](#) var sett á vef ÞÍH í júlí síðastliðnum.

Fundurinn var vel sóttur og áhugi var á að fá frekari kynningu á teyminu fyrir einstök svæði

HREYFISEÐILL

Á árinu 2021 hefur hreyfiseðilsúrræðið verið í nokkru jafnvægi hvað varðar fjölda tilvísana yfir allt landið.

Fleiri starfsséttir hafa þó komið að þessum tilvísunum á þessu ári sem segir okkur að starfsstéttir innan heilsugæslustöðvanna þekkja til úrræðisins og beina sínum skjólstæðingum til sjúkrapjálfa stofnanna / stöðvanna.

Einnig er gaman að segja frá því að nú er í gangi rannsókn á langtímaeftirfylgni með hreyfiseðilsúrræðinu en rannsóknarspurningin er:

Eru einstaklingar sem að lokið hafa hreyfiseðilsúrræði að stunda áframhaldandi reglulega hreyfingu eftir útskrift?

Það er meistaraneimi í námsbraut við sjúkrapjálfun sem er að vinna að þessari rannsókn í samvinnu við ÞÍH.

Um miðjan nóvember var spurningalisti sendur til tæplega 1000 einstaklinga sem lokið hafa hreyfiseðilsprógramminu og von er á niðurstöðum rannsóknarinnar vorið 2022.

FRÆÐSLUFUNDIR MÆÐRAVERNDAR

Mæðravernd ÞÍH heldur reglulega fræðslufundi.

Á síðasta fræðslufundi sem haldinn var 11. október síðastliðinn fjallaði Brynjar Viðarsson blóðmeinafræðingur um blóðflögufæð á meðgöngu.

Fyrirhugað er að halda næsta fræðslufund 13. desember þar sem Jóhanna Gunnarsdóttir sérfræðilæknir á kvennadeild Landspítala mun segja frá áhugaverðum tölum úr Fæðingarskránni 2019 og 2020.

Velkomið er að hafa samband ef ósk er um fræðslu á heilsugæslustöðvunum eða hugmyndir að efni á reglulegum fræðslufundum.

Vekjum athygli á að fræðslufundirnir eru teknir upp og aðgengilegir til áhorfs á læstri síðu ÞÍH, throunarmidstod.is/fraedsla

SÉRNÁM Í HEIMILISLÆKNINGUM

Sérnámið í heimilislækningum á Íslandi hefur haldið áfram að vaxa og dafna en um n.k. áramót verða 82 sérnámslæknar skráðir í sérnámið.

40% sérnámslækna starfa á landsbyggðinni, flestir fyrir norðan og sérnámslæknar á Akureyri telur núna 13 manns.

Salastöðin og heilsugæslan í Lágmúla hafa einnig bæst í hóp kennslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og þar með eru sérnámslæknar við allar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrirhugað er að sjö sérnámslæknar útskrifist 2022, 2023 verði þeir fjórtán, nítján sérnámslæknar 2024 og 27 árið eftir þ.e. 2025.

Þannig koma vonandi allt að 67 nýir heimilislæknar til starfa á næstu 4 árum.

Stór hópur heimilislækna nálgast eftirlaunaaldur en þrátt fyrir það sjáum við fram á fjölgun heimilislækna á Íslandi sem er mjög ánægjulegt og löngu tímabært.



Sérnámslæknar ásamt kennslustjórnunum Elínborgu, Margréti Ólafu og Ásthildi.